



Skýrsla stjórnar landssambands
Delta Kappa Gamma Íslandi
2023-2025

Stjórn Delta Kappa Gamma á Íslandi 2023-2025 var í upphafi skipuð eftirtöldum konum:

Árný Elíasdóttir forseti, Gammadeild
Steingerður Kristjánsdóttir, 1. varaforseti Lambdadeild
Málfríður Þórarinsdóttir 2. varaforseti, Alfadeild
Vilborg Ása Bjarnadóttir ritari, Iotadeild
Rósa Marta Guðnadóttir meðstjórnandi, Epsilondeild

Fráfarandi forseti:Guðrún Edda Bentsdóttir, Kappadeild

Gjaldkeri: Björg Eiríksdóttir, Gammadeild

Lögsögumaður: Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfadeild

Vefstjóri: Eygló Björnsdóttir, Betadeild

Breytingar urðu á stjórninni vorið 2024 vegna veikinda 1. varaforseta. Ásta Egilsdóttir Deltadeild kom inn sem nýr ritari, Málfríður varð 1. varaforseti og Vilborg Ása 2. varaforseti.

Fyrsti fundur stjórnar var haldinn í raunheimum 11. júlí 2023, en alls voru stjórnarfundir á tímabilinu 16, ýmist í raunheimum eða á Zoom. Að öðru leyti ákvað stjórnin að nota eigin Facebook síðu, Rauðar rósir, til samskipta ásamt Google Docs til verkefnastjórnunar.

Verkefni 2023-2024

Framkvæmdaráðsfundur

Framkvæmdaráðsfundur var haldinn 2. september 2023 kl. 10-16 á Center Hótel Plaza í Reykjavík. Á fundinn mætti stjórn landsambands ásamt vefstjóra og lögsögumanni en gjaldkeri boðaði forföll. Formenn ellefu deilda voru á fundinum en formenn Eta og Kappa komust ekki. Formenn allra nefnda nema félaga- og útbreiðslunefndar mættu.

Forseti flutti orð til umhugsunar í forföllum Ólafar Helgu Þór. Hún las upp erindi úr Hávamálum og ræddi út frá því umhyggju og að DKG gæti hugað enn betur að fjölbreytileika og inngildingu. Vefstjóri ræddi um vef félagsins dkg.is og hvaða möguleika hann býður upp á. Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir formaður laga- og uppstillinganefnda ræddi um starfið í deildum og stjórnun funda. Fráfarandi forseti kynnti heimasíðu alþjóðasambandsins dgk.org. og hvatti konur til að nýta sér það fjölbreytta efni sem þar er að finna og einnig að leggja sitt af mörkum með því að leggja til efni á síðuna. Kristín Helgadóttir fráfarandi gjaldkeri DKG, fór yfir fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár og var hún samþykkt einróma.

Forseti kynnti síðan tillögu stjórnar að framkvæmdaráætlun:

1. Könnun meðal félaga.
2. Samtökin verði sýnilegri í íslensku samfélagi.
3. Samtökin láti sig menntamál enn meiru varða og menntamálnefnd hafi forystu um hvernig að því verður staðið.

Fundarkonum var síðan skipt í hópa til þess að ræða tillögu stjórnar og koma með tillögur um spurningar í könnun meðal félagskvenna. Framkvæmdaráætlun stjórnar var samþykkt samhljóða. Í lok fundar var boðið upp á fyrirlestur Shar McGowen, DKG konu í Kanada, sem nefndist Like Tulips in The Snow í gegnum fjarfundabúnað. Fyrirlesturinn fjallaði um andlega heilsu kvenna.

Könnun meðal félagskvenna

Spurningar félagskvenna á framkvæmdaráðsfundi voru nýttar í könnun stjórnar sem lögð var fyrir í nóvember 2023. Svörun var um 40% og konur úr öllum deildum tóku þátt. Niðurstöður voru almennt

jákvæðar og hafa nýst stjórninni vel. 83% gáfu ánægju sinni með að vera félagskona í Delta Kappa Gamma einkunn á bilinu 8-10. Niðurstöður könnunarinnar voru kynntar með pósti til formanna, á Facebooksíðu og heimasíðu samtakanna, í European Forum og í heimsóknum forseta í deildir. Alls heimsótti forseti 10 deildir.

Ráðstefna í Borgarnesi

Í könnun meðal félagskvenna var spurt hvort konur vildu hafa bæði landsambandsþing og ráðstefnu árlega eða eingöngu landsambandsþing annað hvert ár. Rúm 53% sögðust vilja hvorugtveggja en rúm 42% vildu eingöngu landsambandsþing á tveggja ára fresti.

Stjórnin studdist við þessar niðurstöður þegar metnaðarfull ráðstefna í Borgarnesi var skipulögð í apríl 2024. Ekki reyndist mikill áhugi fyrir henni en undir 10% félagskvenna skráði sig og því var ráðstefnunni aflýst. Ráðstefnan var kynnt með um tveggja mánaða fyrirvara og auglýst vel, m.a. fóru stjórnarkonur í Mannlega þáttinn á RÚV í því skyni að kynna ráðstefnuna en ekki síður að kynna samtökin sbr. framkvæmdaáætlun stjórnar. Stjórnin gerir sér grein fyrir að síðbúin auglýsing kann að hafa haft áhrif en miðað við að aðeins um 30% kvenna sækja 50 ára afmælisþing í ár sem verið hefur í kynningu á allan vetur, er það skoðun okkar að ekki virðist mikil eftirspurn eftir stærri viðburðum á vegum samtakanna. Stjórnin tekur því undir með þeim 42% sem þátt tóku í könnun samtakanna að nægilegt sé að halda landsambandsþing annað hvert ár en það er lögboðið en ráðstefna hitt árið sé óþörf enda ekki lögboðin. Samfélag okkar er breytt og fjöldi viðburða í boði fyrir konur bæði innan og utan vinnu og fjölskyldu. Þá eru Evrópuráðstefnur og alþjóðlegar ráðstefnur einnig sama ár og landsambandsþing og mætti einnig huga að breytingum þar.

Verkefni 2024-2025

Framkvæmdaráðsfundur

Framkvæmdaráðsfundur 2024 var haldinn 7. september kl. 10-16 í Háskólanum í Reykjavík. Á fundinn mætti stjórn landsambands ásamt vefstjóra, gjaldkera og lögsögumanni. Formenn laganevndar og uppstillingarnefndar, félaga- og útbreiðslunefndar og staðgengill formanns námsstyrkjanefndar mættu á fundinn en formaður menntamálanefndar var fjarverandi.

Forseti fór yfir stefnu og sýn DKG, markmið samtakanna og hlutverk framkvæmdarráðs ásamt niðurstöður könnunar á síðasta starfsári. Ólöf Helga Þór, formaður Eta deildar flutti Orð til umhugsunar um umhverfismennt. Forseti og gjaldkeri fóru yfir [handbók formanna](#) og efni sem er á síðunni [Efni fyrir formenn](#) inni á dkg.is sem og skyldur formannsstarfsins. Gjaldkeri fór yfir fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2024 – 2025 og var hún samþykkt samhljóða. Varaformaður námsstyrkjanefndar kynnti þá [námsstyrki](#) sem félagskonur gera sótt um til hér heima og til alþjóðasambands. Vefstjóri ræddi félagatalið og mikilvægi þess að breytingar kæmust til skila. Ákveðið var að bæta starfsstöð inn í félagatalið og að nefna síðasta vinnustað hjá þeim sem komnar eru á eftirlaun. Því næst fór vefstjóri í gegnum ákveðin atriði á vef dkg.is.

Formaður afmælisnefndar, Jóna Benediktsdóttir Alfa, fylgdi tillögum um afmælishald úr hlaði en hlutverk nefndarinnar var að móta nokkrar tillögur (2-3) um það hvernig mætti fagna á afmælisárinu og fylgja síðan eftir þeirri tillögu sem valin yrði með aðstoð stjórnar og annarra félagskvenna. Aðrar nefndarkonur voru Bjarney Ingibjörg Gunnlaugsdóttir, lotadeild, Fríða Pétursdóttir Betadeild, Guðbjörg Sveinsdóttir Petadeild og Lee Ann Maginis Nýdeild.

Nefndin lagði áherslu á að hafa gaman, fróðleik og fjör að leiðarljósi og setti fram fjórar tillögur en markmið þeirra allra er að efla virkni félagskvenna og vekja athygli á samtökunum:

- A. Að samtökin standi fyrir ráðstefnu í tilefni afmælisins þar sem inntakið yrði að vekja athygli á mikilvægi kvenna í fræðslustörfum og að efla konur til dáða á sviði fræðslumála.
- B. Að gefa út afmælisrit samtakanna á rafrænu formi.
- C. Að beina þeim tilmælum til deilda félagsins að gera eitthvað samfélagslegt í tilefni afmælisársins.
- D. Að heiðra í það minnsta stofnfélaga samtakanna og að saminn verði afmælissöngur DKG.

Samþykkt var að framkvæma allar tillögur nefndarinnar og að ráðstefnan yrði sameinuð landsambandsþingi 10. – 11. maí. Stjórn DKG og menntamálnefnd sjái um skipulag og verður afmælisnefndin til ráðgjafar.

Ákveðið var að stofna nefnd til að leiða útgáfu afmælisrits og fá Sigrúnu Jóhannesdóttur, Deltadeild, til að leiða verkið og með henni yrðu Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfadeild og Pernilla Rein, lotadeild. Gengið verði út frá því að hafa ritið rafrænt. Mikilvægt þykir að halda sögu DKG á Íslandi til haga og framlagi þeirra kvenna sem borið hafa hróður okkar á alþjóðavettvangi.

Sett verði af stað samfélagsleg verkefni í deildum á afmælisári og/eða að slík verkefni verði þráðurinn í starfi deild og deildir gætu sameinast um verkefni. Athygli var vakin á að tvær til fjórar deildir á ári geta sótt um styrk að upphæð 100.000.- til stjórnar til að halda ráðstefnur eða fundi í heimabyggð. Einnig er hægt að sækja um styrki til alþjóðasambandsins – <https://www.dkg.is/is/styrkir>

Tillögur um þrjá staði fyrir landsambandsþingið lágu fyrir, þ.e. Reykjavík, Borgarnes og Akureyri. Ákveðið var að halda þingið í Reykjavík til að auðvelda alla framkvæmd við afmælisráðstefnuna sem tengd verður þinginu.

Guðríður Sigurðardóttir, formaður Menntasjóðs Mæðrastyrksnefndar, kynnti starfsemi sjóðsins sem byggir alfarið á sjálfbærastarfi og frjálsum framlögum. Sjóðurinn var stofnaður árið 2012 og er tilgangur hans að veita menntunarstyrki til tekjulágra kvenna, oft einstæðra mæðra, hvaðanæva af landinu. Sjóðurinn veitir konum námsstyrki til fagnáms, starfsréttindanáms, framhaldsskólanáms og háskólanáms. Framkvæmaráð lýsti yfir stuðningi við tillögu stjórnar um styrk/stuðning við sjóðinn í tilefni 50 ára afmælis og fól stjórn að útfæra það frekar. Stjórnin samþykkti síðar að færa sjóðnum 350.000 styrk og hvetja félagskonur til að styrkja sjóðinn með kaup á kertum sem seld eru árlega í maímánuði.

Félagskonur í Mýdeild lögðu fram tillögu um að Delta Kappa Gamma á Íslandi sameinist um yfirlýsingu til alþjóðasambands DKG um að fordæma allar árásir á nemendur og fólk í fræðslustörfum og eyðileggingu á menntastofnunum á stríðshrjáðum svæðum um allan heim. Umræður spunnust um málefnið en tillagan var að lokum dregin til baka þar sem hún samræmist ekki lögum og yfirlýsingu um hlutleysi DKG. Bent var á að DKG konur gætu komið að þessum málum sem fræðarar og verið til staðar og stutt við uppbyggingu á stríðshrjáðum stöðum. Við gætum líka veitt okkar persónulega stuðning. Mýdeild var þakkað fyrir að vekja máls á málefninu og fram kom að deildir gætu fundið sér farveg fyrir málefni til að vinna að innan heimsmarkmiða SP. Í lok fundarins var gleðisstund í boði samtakanna.

Núverandi fjöldi félagskvenna sem hafa greitt árgjald er 350.

Starf nefnda

Námsstyrkjasjóður. Nefndin veitti upplýsingar um styrkina og lagði til við stjórn tillögu um styrkhafa þessa tímabils. Upplýsingar um styrkhafa verða veittar síðar í dag.

Félaga- og útbreiðslunefnd. Eina stóra verkefni nefndarinnar á þessu ári var að sjá til þess að allar upplýsingar um stjórnir og deildir væru réttar. Það var gert í góðri samvinnu við forseta og vefstjóra. Á árinu 2024 voru 15 nýjar félagkonur boðnar velkomnar í samtökin í deildirnar: Alfa, Eta, Kappa, Mý og Peta. 6 félagar létust á tímabilinu.

Laganefnd: Laganefnd hélt fund með forseta sem var á leið á alþjóðþing þar sem farið var yfir tillögur að lagabreytingum sem lágu fyrir þinginu og afstaða Íslands rædd. Í ágúst fékk laganefnd í hendur þær breytingar sem gerðar voru á lögum alþjóðasambandsins á alþjóðþinginu, eða þær breytingar sem varða landssambönd og deildir. Laganefnd hittist síðan á tveimur fundum þar sem tekin afstaða til þess hvaða breytingar þyrfti að gera á lögum landssambandsins, ásamt því að skoða orðalag og þýðingar. Í nóvember sendi forseti að beiðni formanns laganefndar bréf frá laganefnd til formanna deilda til að vekja athygli á tímafresti til að gera tillögur að breytingum á lögum og reglugerð landssambandsins. Engar breytingartillögur bárust. Formaður hélt fund með fulltrúa Íslands í laganefnd alþjóðasambandsins, Jónu Benediktsdóttur og lögsögumanni í desember. Tillögur að breytingum á lögum og reglugerð landssambandsins verða teknar fyrir hér í dag.

Menntamálanefnd skipulagði og undirbjó í samstarfi við landssambandsstjórnina ráðstefnu sem til stóð að halda 20. apríl 2024 en hún var síðan felld niður vegna lélegrar þátttöku. Einnig skipulagði og undirbjó nefndin ásamt stjórn landsambandsþing í Salnum ásamt hátíðarkvöldverði á Grand hóteli í Reykjavík 10. maí 2022. Þá kom nefndin með ýmsar tillögur að því hvernig við gætum eftt samstarf milli deilda og kynnt samtökin enn frekar.

Samskipta- og útgáfunefnd. Nefndin hefur haldið úti útgáfu á fréttabréfi samtakanna með reglulegum hætti. Fréttabréfin gefa glögga mynd af því faglega starfi og þeirri fjölbreytni sem er á starfi deildanna auk þess að gefa stjórnnum og félagskonum í deildum góðar hugmyndir af fróðlegum fyrirlestrum, kynningum og öðru efni sem deildir geta nýtt á fundum sínum.

Uppstillingarnefnd. Óskað var eftir tilnefningum í embætti en aðeins ein tilnefning barst til uppstillingar nefndar. Í ljósi þessa ákvað nefndin að byrja á að kanna hvort einhverjir af fulltrúum í stjórn, uppstillingarnefnd eða skoðunarmenn reikninga vildu halda áfram, en heimilt er að vera í sama embætti í tvö tímabil. Jafnframt var farið vandlega yfir hvaða deildir hefðu haft fæsta fulltrúa í þessum embættum s.l. 10 ár til að hægt væri að leggja áherslu á að fá frambjóðendur frá einhverjum þeirra. Tillaga uppstillingarnefndar verður lögð fyrir þingið í dag.

Erlent samstarf

Forseti hefur setið mánaðarlega fundi með Evrópuforsetum þar sem bæði hefur verið miðlað ýmsum upplýsingum, skipst á skoðunum og deilt reynslu. Einnig sótti forseti námskeið fyrir stjórnendur samtakanna í Dallas í júní 2023 og alþjóðþing í Washington í júlí 2024. Báðir þessir viðburðir voru gagnlegir í starfi forseta. Þá situr forseti að beiðni alþjóðaforseta í nefndinni World Fellowship Committee sem sér um úthlutun styrkja til kvenna utan samtakanna um allan heim, sértaklaga Afríku, Asíu og Suður- Ameríku, til náms í Bandaríkjunum eða Kanada. Þetta verkefni hefur verið afskaplega

gefandi og minnt á hversu mikilvægt það er fyrir okkur að stuðla að aukinni menntun öflugra kvenna til gagns fyrir samfélög þeirra.

Vilborg Ása Bjarnadóttir, lötadeild 2. varaforseti situr í Eroupean Forum, Ingibjörg Jónasdóttir, Gammadeild í Constitution Committee: Jóna Benediktsdóttir, Alfadeild í Non-Dues Revenue Committe . Forseti hefur f.h. stjórnar reglulega hvatt félagskonur til að gefa kost á sér í erlent samstarf á vegum samtakanna, sækja um styrki og nýta sér önnur tilboð sem þátttaka í alþjóðlegum samtökum býður upp á.

Stjórnin hefur unnið skv. framkvæmdaáætlun sem samþykkt var á framkvæmdaráðsfundi 2023 og kynnt á slíkum fundi 2024. Konur hafa verið hvattar til að kynna starf samtakanna sem víðast og bjóða með sér á afmælisráðstefnu og stuðla áfram að eflingu menntunar í verki, ræðu og riti. Framkvæmdaráð hefur samþykkt að bjóða forseta Íslands að gerast heiðurfélaga samtakanna og mun stjórn útfæra það freka. Forseta Íslands var í nóvember s.l. boðið að ávarpa ráðstefnuna en hún sá sér ekki fært að mæta vegna annarra verkefna en það fyrir hlýjar kveðjur.

Að lokum vil ég þakka fráfarandi stjórn fyrir einstaklega gefandi og gott samstarf, embættismönnum, formönnum nefnda og nefndarmönnum fyrir þeirra framlag í þágu DKG, formönnum deilda fyrir gott samstarf og þátttöku á framkvæmdaráðsfundum. Sérstaklega þakka ég deildum sem ég heimsótti fyrir afar góðar móttökur. Heimsóknirnar gáfu mér afskaplega mikið og gaman að kynnast konunum og fylgjast með starfi þeirra. Ég óska nýrri stjórn og samtökunum okkar allra heilla og að þau muni áfram leggja sitt af mörkum til valdeflingar félagskvenna og stuðla að framgangi menntunar um allan heim.

Reykjavík, 11. maí 2025

F.h. stjórnar landsambands

Árný Elíasdóttir, forseti